

Skrá 13. Ull og tóvinna I

Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins XIII.

Rúningur

Hvað nefndist starfið við að losa sauðkind úr reyfi (so. rýja, losa úr reyfi, taka af, no. rúningur t.d.)? Segið frá öðrum orðum, sem þetta varða (rúningsdagur, rúningsmaður o.s.frv.).

Hvenær var að jafnaði byrjað að rýja sæmilega framgengið sauðfé: a) sauði, b) geldfé, c) lambfé? Miðaðist rúningsdagur e.t.v. við það, er sauðfé var rekið á fjall (afrétt)?

Þótti betra að rýja með vaxandi tungli en minnkandi? Hvers vegna?

Hvaða orð voru notuð um það, er hæfilegt þótti að byrja að smala sauðfé til rúnings, miðað við ullarvöxt (góð klippa, fillding, filling, rýing, skil o.s.frv. lo. filldur, björnfilldur o.s.frv.)?

Hvaða orð voru notuð um andsætuna (féð gengur illa úr reyfi, fer illa úr ull, er bert, mannsbert o.s.frv.)?

Hvaða orð voru notuð um það er ull var farin að losna á sauðfé (það er farið að flaka á fénu, farið að húsa, með rúkraga, ærin dregur lagðinn, reyfið o.s.frv.)?

Var reynt að varna því, að illa framgengið sauðfé týndi reyfi, ullin t.d. lagfærð og hnýtt að á bringu og í nárum?

Kom fyrir, að saumað væri yfir sauðkind, sem búin var að týna reyfi, til að varna því, að hún króknaði?

Hvaða var það nefnt, er skóglendi átti þátt í að ull losnaði á sauðfé (að féð væri skógdregið t.d.)? Ömuðust bændur við skógum af þeim sökum?

Var það nefnt nokkuð sérstakt, er aukasmölun var gerð til að rýja sauðfé, sem ull fór illa á (að stugga saman, hramsa saman t.d.)?

Segið frá áhöldum við rúning (sauðaklippum, skærum, hnífum o.s.frv.). Er e.t.v. stutt síðan farið var að nota fjárklippur eða önnur áhöld við rúning?

Voru til heimasmiðaðar fjárklippur og heimasmiðuð skæri? Lýsið því.

Hvað var það nefnt, er reyfið lá laust fyrir við rúninginn (að ná ullinni "í einni flettu", eða annað)?

Var yfirleitt haldið í lambær, er þær voru rúnar, og gegndi þá sama máli, hvort þær voru hyrndar eða kollóttar?

Var geldfé lagt niður og bundið á fótum, meðan það var rúið?

Hvernig var bundið? Var það nefnt að binda í sauðband (sauðaband)? Lýsið sauðbandi.

Var sauðfé bundið öðrum hætti við rúning? Lýsið því. Var sauðfé haldið niðri, óbundnu við rúning?

Voru lambær yfirleitt ekki rúnar, fyrr en búíð var að finna lömb þeirra í réttinni? Hvað var það nefnt (að lemba t.d.)?

Vara reyfið losað eftir vissri reglu (fyrrst á hálsi og síðan jafnt aftur eftir báðum síðum t.d.)?

Var kviðull aldrei skilin eftir órúin?

Var bringukollur aldrei klipptur?

Var hnakkinn klipptur?

Var signt (krossað yfir kindina), um leið og reyfið var losað að fullu, og eitthvað sagt til heilla (Farðu nú heil í haga o.s.frv.)?

Voru lambær lembdar út úr réttinni, um leið og búíð var að rýja þær?

Voru ullarlagðar rakaðir út úr réttum eftir rúningsdaga? Hvernig var hirt um þá?

Þekkist orðið ullarvaður um ullarslæðing, t.d. í rétt? Hvað nefndist ullarhruga á réttarvegg (ullarbingur t.d.)?

Ullarþvottur

Segið frá ullarþvotti. Minnst m.a. aftirfarandi atriða: Var keytu (hlandi) safnað til ullarþvottar

(á ullina)? Ver sérstakt kerald eða tunna til þeirra nota (hlandkerald)? Var ullin venjulega þvegin við læk? Voru gerðar uppistöður í læki fyrir ullarþvottinn? Voru hlóðir hlaðnar á lækjarbakkanum? Nefndust þær ullarhlóðir? Hvaða áhöld, önnur en pottur, voru notuð við ullarþvottinn? Hvernig var blandað í pottinn? Var mislit ull þvegin sér? Hvernig var ullarsuðunni háttáð? Var hrært í ullinni með priki, meðan hún var í pottinum? Var ull í þvotti nenfd ullarþvæli? Var talað um "að hita á þvælið"? Var meis hafður ofan á pottinum til að setja ullina í, þegar hún var færð upp úr pottinum? Nefndist ákveðið magn af ull í þvæli eitthvað (ullarfila t.d.)? Var algengt, að kerald væri haft hjá ullarpottinum og ullin þvegin í því? Var þá ausið á hana úr pottinum? Var þá troðið á ullinni með berum fótum, þegar hún fór að kólna? Hvernig var skolun háttáð? Voru til ullarkörfur úr víðitágum til að skola ull í? Voru heymeisar notaðir í sama tilgangi? Var ullin sett í hrúgur á lækjarbakkanum, þegar búið var að skola hana? Nefndust þær eitthvað (ullardrýlur t.d.)? Var ullin breidd samdægurs til þerris, ef veður leyfði? Hvar? Hvernig var hún flutt milli bæjar og þvottabóls (í sekkjum eða kláfum)? Minna örnefni á ullarþvott?

Ullartegundir

Hvað nefndist ull, sem losnaði af sauðfé í fjárhúsum um gjafatíma (garðaló t.d.)? Var hún venjulega hirt? Hvað var gert við hana (höfð í gjarðir, reiptögl, hnappheldur t.d.)? Var henni blandað saman við aðra ull?

Hvað nefndist ull af sauðkindum, sem drápu í haga eða við hús (fariull t.d.)? Hvernig var hún notuð (ein sér eða saman við aðra ull)?

Hvað nefndist ull, sem sauðfé týndi af sér út um hagann haglagðar, upptíningur eða annað? Höfðu þau orð e.t.v. mismunandi merkingu? Voru haglagðar séreign barna og unglina, smalans t.d.? Var yfirleitt ekki að því fundið, þótt börn hirtu ullarlagð í óskiptum högum?

Hvað gerðu þau við haglagða sína?

Þekktist það, að menn ættu króksvipur, sem hægt var að krækja með í ullarlagð, þegar riðið var um haga?

Hvað var það nefnt, þegar sauðkind heimtist í tveimur reyfum að hausti (að hún væri í tveimur reyfum, í rúböggum eða annað)? Hvað var einkum gert við slík haustreyfi rúbagga)? Hvað var gert við ullarflóka (flókaberði) yfirleitt?

Nefndist ull sem rökuð var eða rotuð af gærum, einu nafni haustull?

Hvað nefndist ull af nárum og skönkum á gæru (kampar, neðrur, sneplar, sneplauull t.d.)? Var henni haldið sér? Hvernig var hún helst notuð?

Hvað nefndist ull, sem rökuð var af hausum (hausauull, höfðauull t.d.)? Hvernig var nú notuð?

Hvað nefndist hár, sem rakað var af fótum og hausum fyrir sviðningu (fótafætlingar, hausafætlingar t.d.)? Hvað var gert við það (haft í reiðtygjadýnur t.d.)?

Var nokkurt ákveðið heiti til um úrgangsuull, yfirleitt (hnat t.d.)?

Voru nokkrar vissar reglur til að fara eftir í sambandi við blöndun mismunandi ullartegunda, miðað við þær flíkur eða plögg, sem átti að vinna úr ullinni (vorull saman við haustull o.s.frv.)?

Vinnuull

Nefndist öll ull, sem ætluð var til heimanota, einu nafni vinnuull?

Var nafnið vinnuull e.t.v. einkum notað um þá ull, sem valin var úr, áður en farið var með söluull í kaupstað (vorullina)? Við hvað miðaðist val vinnuullar fyrst og fremst (lit, blæ, þéttleika o.s.frv.)? Valdi húsfreyjan vinnuullina? Var sérstakur dagur valinn til þess, t.d. sami dagur og þegar söluullin var sekkjuð fyrir kaupstaðarferðina? Var um það rætt, að húsfreyjum þætti betra, að bændur þeirra væru ekki nærri, er þær völdu vinnuullina? Var tekin frá gjafauull á sumum bæjum? Var tekin frá ull til vöruskipta? Hvað var helst tekið í skiptum fyrir ull?

Tíðaði sumt fólk það að ferðast um með varning og láta í skiptum fyrir ull?
Notuðu flakkarar og fátæklingar viss orð, er þeir báðu um ull að gjöf (ullarfila, ullarhár, ullarhnak, ullarlagður o.s.frv.)? Miðaðist beiðnin e.t.v. stundum við ákveðið magn (ull í einn sokkbol t.d.)?
Hvar var vinnuullin geymd í skemmu, á búrlófti t.d.? Lýsið ullarhirslum (ullarbyrðum, ullarkistum, ullarkössum o.s.frv.)?

Ullarlitun

Voru jurtir almennt notaðar til ullarlitunar? Segið sem vendilegast frá öllu, sem vitað er um það efni. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Hvaða jurtir voru notaðar til litunar?
Hvernig var jurtum blanda saman við litun? Hvaða jurtir voru notaðar einar sér við litun? Hvaða hlutar jurta voru notaðir til litunar (blóm, ber, blöð, stöngull o.s.frv.)? Hvenær var jurtum safnað til litunar? Voru jurtir þurrkaðar og geymdar til að lita með þeim? Hvernig fór þá þurrkunin fram, og hvernig var geymslunni háttáð? Voru ákveðnar forsagnir til að fara eftir við litun, t.d. hvað áhrærði hlutfall eða þyngd jurta á móti ull eða bandi?
Vorur mosar og skófir notaðar til litunar (litunarmosi t.d.)? Hvernig og hvar var þeim safnað? Hvernig var lituninni háttáð? Voru mosar og skófir notaðar með jurtum til litunar? Voru mosar og skófir notaðar með tilbúnum litarefnum til litunar? (hellulit, indigó t.d.)?
Segið frá suðu litarefna. Var efnið, sem lita átti, látið standa ákveðinn tíma í litarlegi, eftir að suðu lauk (liggja í litnum)?
Vorur einstök jarðefni notuð til að festa lit eða gefa lit sérstakan blæ (at, sorta t.d.)? Lýsið því. Hvar hlend notað til litunar? Hvernig?
Var litað oftast en eins inni úr sama litarlegi? Hvað nefndist þá seinni litunin eftirlitur t.d.)?
Var algengt að reyra (vefja) bandhæspur til litunar? Í hvað var reyrt band einkum notað (sokka, vettlinga t.d.)? Var ull lituð með togi eða ofanaftekin? Voru viss ílát til, sem eingöngu voru notuð við litun? Segið frá þeim.
Fengust einstakar konur við litun, öðrum fremur? Ferðuðust þær milli bæja til að lita? Þekkjast nokkrar kreddur í sambandi við litun (t.d. að hreyfa ekki við flík í litarlegi á sólstöðudaginn)?
Þjóðminjasafni Íslands væri mikil þökk á því að fá sýnishorn af jurtalituðu bandi, þó ekki væri nema smáspotta af hverjum lit, ásamt upplýsingum um, úr hverju var litað.

Tóvinna

Nefndist ullarvinna einu nafni tóvinna? Voru mismundandi orð til um tóvinnu, eftir því hvort hún var gróf eða fín? Voru orðin no. sperl og so. sperla eða sperðla t.d. notuð um það, er ull var unnin í gjarðir, reiptögl, beisli og hnappheldur?
Hvenær hófst tóvinna venjulega að hausti? Hvernig var hagað vinnutíma? Hvaða þátt tóku karlmenn í tóvinnu almennt?
Var unnið að ákveðnum verkefnum á vissum tíma (vefnaður t.d. fyrri hluta vetrar)? Hvenær að vetri lauk tóvinnu að jafnaði?

Ofanaftekning

Hvað nefndist starfið við að skilja að þel og tog í ull (að taka ofan af, ofanaftekning eða annað)? Lýsið aðferðinni við að taka ofan af ull. Hvernig hélt konan ullinni fyrir sér, er tekið var ofan af? Hafði hún t.d. toglagðinn milli þumalfingurs og vísifingurs á vinstri hendi við verkið? Kiptti hún lagðinum upp með einu átaki hægri handar, eða kiptti hún fáum hárum upp í senn? Hvað var það nefnt, er kona safnaði toginu upp í lófa hægri handar (hnefatog t.d.)? Var hnefatog aldrei tekið, er vinna átti tog í skóþráð eða skinnfataþráð? lét konan toghárin falla í lár, í annað ílát eða á gólf?
Var tvisvar tekið ofan af hverju reyfi? Hvað var það nefnt að taka ofan af í seinna skiptið (að

hæra t.d.)? Hversu langur tími leið milli fyrri og seinni ofanaftekingar? Hvað var gert við hærur (illhærur) úr ull?

Togkambur

Voru togkambur til á hverju heimili? Lýsið gerð þeirra og stærð. Nefndust þeir annað (karkambur t.d.)? Var orðið karkambur e.t.v. notað um gistennta þelkamba?

Togkembing

Hvernig var togið sett í kambinn? Var það nefnt nokkuð (að mata kambinn t.d.)? Var kamburinn því nær fylltur af togi eða aðeins lítið sett í hann í senn? Hvernig hélt konan kömbunum fyrir sér, er hún kembdi? Vissi kamburinn (tindarnir) í vinstri hendi upp, en í hægri hendi niður, er kembt var? Skipti konan á kömbum á víxl, eftir því sem annar fylltist, en hinn tæmdist? Voru þelhnökrar greiddir úr toginu, jafnóðum og kembt var? Hvenær þótti fullkembt til þess að lyppa fram úr eða framan af kömbunum? Var haft jafnmikið í hvorum kambi til að lyppa? Var togkemban nefnd nokkuð (fax t.d.)? Var hún tekin saman í hnefa vinstri handar, áður en farið var að lyppa? Hvernig var farið að því að lyppa tog? Hvað var það nefnt (að lyppa, lopa framan af, draga toga t.d.)? Var haldið um kembuna með vinstri hendi en lyppað með hægri? Var lyppað upp í lófann? Var talað um að þuma upp í lófann? Hvað nefndist lyppan (lopi, lyppa, togi t.d.)? Var lyppan höfð mismunandi gild (gróf)? Var aðeins hluti af kembunni lyppaður í fyrstu atrennu? Var afgangurinn í kömbunum kembdur í einu eða tvennu lagi? Lýsið því. Hvað nefndist úrgangurinn, sem eftir var í kömbunum í annarri eða þriðju kembangu (undirkemba t.d.)? Hvað var gert við hana? Voru lyppurnar lagðar saman hlið við hlið, og teygðar, þegar búið var að lyppa eina kembangu, og ein lyppa gerð úr þeim, eða var hver lyppa spunnin út af fyrir sig? Þekktist þessi málsháttur: Það er auðgrætt lyppusárið? Um hvað var hann hafður?

Ullarlár, ullarkláfur

Áttu konur almennt ullarlára til að lyppa í eða leggja lyppu í? Voru til margar gerðir þeirra? Lýsið þeim. Voru til mismunandi nöfn um þá (lyppulár, kembulár t.d.)? Áttu konur einnig litla meisa til að leggja í ull, lyppu eða hnykla? Hvað nefndust þeir (ullarkláfur t.d.)? Lýsið þeim.

Halasnælda

Segið frá heitum halasnældu og einstökum gerðum hennar (halasnælda, spunasnælda, þráðarsnælda, tvinningasnælda, hrosshárssnælda o.s.frv.).

Hvað hétu einstakir hlutar halasnældu (snúður, hali, hnokki)? Segið frá efni í snældasnúða (tré, hvalbein t.d.).

Var sælst til þess að hafa snúða á spunasnældu litla og þunga, t.d. úr hvalbeini eða þungri viðartegund (sökkholti)?

Vita menn dæmi þess, að snældur hafi verið með steinsnúðum? Var talað um það, að snælda væri snúðhörð eða snúðlin og þá miðað við þyngd snældusnúðar (sbr. snúðhart og snúðlint band)?

Var algengt að skera snældusnúða út?

Voru sérstök munstur, öðrum fremur, skorin á snældusnúða? Hétu þau eitthvað (sigurlykkja t.d.)?

Var algengt að skera upphafsstafi eigenda og ártöl á snældusnúða? Mátti ekki snúa snældu í höfuð barni? Hvers vegna?

Var snældu snúð yfir dauðvona manni til að létta dauðastríð?

Togspuni

Spann konan lyppuna upp úr lárnum eða úr kjöltu sinni? Þekktist önnur aðferð, t.d. að konan vefði toglyppunni um úlnlið sér og þá sérstaklega, ef spunnið var á halasnældu? Var togþráður hafður mismunandi grófur, eftir því í hvað átti að nota hann Var jafnan staðið við spunann, ef spunnið var á halasnældu? Var ein færa við snælduspuna eða tvinningu nefnd nokkuð? Hvað nefndist aðferðin við að vinda upp á snælduna (snældukings t.d.)? Hvaða aðferðir notuðu konur við að vinda af snældu (snældan sett milli fóta eða haldið á henni)? Voru viss orð til um áferð þráðar, sem spunninn var á snældu eða með öðrum hætti (bláþráður, groddi, svörgull t.d.)? Hvað nefndist arða eða hnökri á þræði (loki t.d.)? Hvað nefndist arða eða hnökri á þræði (loki t.d.)? Var talað um, að þráður drægi loka? Segið frá tegundum togþráðar (hnappagataþráður, rekkvoðaþráður, skinnfataþráður, skóþráður o.s.frv.). Var mismunandi ull notuð í einstakar þráðartegundir? Hvað er að segja um tvinningu og þræðingar í nálar?

Hvenær lagðist niður að spinna þráð á halasnældu?

Segið frá vísun, orðtökum eða einstökum orðum, sem varða spuna ("Það var garn hún Gyða spann)" o.s.frv. "að snúa snældunni sinni" í sambandi við skapgerð eða veður, lo. spunabirta, spunabjart, spunastutt t.d.

Þráðarsteinn

Var sérstakt áhald til að jafna þráð (taka af snurður), er hann var undinn af snældu? Lýsið því. Undir hvaða nöfnum gekk það (ádráttur, árenna, árenningur, áriðill, þráðarsteinn, þráðarvala o.s.frv.)? Er orðatiltækið "að leika á þræði" dregið af notkun þessa áhalds?

Þráðarleggur, þráðarkefli

Notuðu konur fram- eða afturfótaleggi úr sauðfé til að vinda á saumþráð (þráðarleggi)? Var algengt að skreyta þá með einhverjum hætti, t.d. lita, sverfa og brenna á þá depla og hringi? Þekktist lo. tenaður eða tinaður um legg, skreyttan með þeim hætti?

Þekktust þráðarleggir með upphafsstaf eða búmerki eigandans? Var þráðarleggur jafnframt notaður sem nálhús? Var undið með sérstökum hætti á þráðarlegg (eftir vissri reglu)? Nefndist leggur með slíkri vindingu "læstur leggur" t.d.?

Áttu konur einnig þráðarkefli? Voru til margar gerðir? Lýsið þeim. Nefndist sérstök gerð af þráðarkeflum Króka- Refskefli eða refkefli? Segið frá þeim og smíðum, sem smíðuðu þau.

Þráðarvala

Söfnuðu konur sauðarvölum til að vinda á band eða þráð? Nefndist völu eign heimilis einu nafni völusafn? Hvað nefndist hirslan, sem völnar voru geymdar í (völukassi, völuskrín t.d.)? var allur þráður, sem nota átti til vefjar undinn á völnur?

Hlutir úr togi

Segið frá einstökum hlutum, sem unnir voru úr togi. Lýsið gerð þeirra og notum (snjósokkar, sláttusokkar, sjóvettlingar, skotthúfur, höföld o.s.frv.). Var þráður undinn á tólgarmola og soðinn í vatni, t.d. þegar nota átti hann í höföld? Var það nefnt nokkuð (t.d. seyða þráð)?

Lýsið þessu. Var togþráður notaður í uppistöðu í vef, t.d. í fótvef eða spjaldvef? Kann nokkur að segja frá togflosi eða togknipplingum?